



## Fundargerð

Fundur í stjórn Hjúkrunar og -dvalarheimilisins Barmahlíðar.  
Miðvikudaginn 4. apríl 2018, kl. 15.00

Fundarstaður: Fundarsalur í stjórnsýsluhúsinu Maríutröð 5a.

Mætt eru; Karl Kristjánsson varaformaður, Sandra Rún Björnsdóttir og Áslaug Berta Guttormsdóttir sem var í síma.

Einnig sátu fundinn Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 8. mars 2018.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. Skýrsla hjúkrunarforstjóra.

*Hjúkrunarforstjóri fór yfir málefni Barmahlíðar. Hún fór yfir mönnun heimilisins næstu mánuði, sumarið er fullmannað, ennþá vantar starfsfólk í ræstingu. Þá fór hún yfir mönnun á rýmum.*

*Framkvæmdum á baðherbergjum í Barmahlíð er að ljúka og þau að verða tilbúin til notkunar.*

*Fyrstu drög að stækkun Barmahlíðar hafa litið dagsins ljós. Lagt er til að starfsfólk fái að skoða þau.*

*Hjúkrunarforstjóri fór yfir það að gera þarf rask vegna pípulagna, komið hafi í ljós í íbúð Öryrkjabandalagsins við úttekt þar að lagnir eru mjög illa farnar að hluta til. Lagði hún mikla áherslu á þetta atriði.*

*Ýmislegt annað var rætt.*

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:05

---

---

---